

**Nd. 130. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]**

um endurskoðun laga nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

Flm.: Geir Gunnarsson, Jónas Árnason, Steingrímur Pálsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

Nefndin geri fyrir n. k. áramót tillögur um breytingar á lögnum á þann veg, að ákvæði þeirra verði ekki þrándur í götu samninga sjómanna og útgerðarmanna um kaup og kjör á næsta ári.

Í nefndinni eigi sæti fulltrúar eftirtalinnna aðila:

Sjómannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

**Greinargerð.**

Ein af þeim ráðstöfunum, sem fylgdu í kjölfar gengislækkunarinnar á s. l. ári, var setning laga, sem röskuðu á hinn afdrifaríkasta hátt þeim hlutaskiptareglum, er giltu um kjör sjómanna.

Meiri hluti Alþingis samþykkti með lögum þessum, að við sölu afla í innlendri höfn skyldi, áður en til hlutaskipta kæmi, greiða 10% aflaverðmætis til Stofnfjár-sjóðs fiskiskipa, þó 20% af verði síldar og humars, og 22% við sölu í erlendri höfn, og þar að auki 17% beint til útgerðarmanna sem hlutdeild í almennum útgerðarkostnaði.

Setning þessara laga, sem raskaði svo stórkostlega kjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna, varð orsök að langvinnu verkfalli sjómanna á síðustu vetrarvertið og olli því, að geipileg verðmæti töpuðust.

Árlegar greiðslur, sem þannig eru teknar af óskiptum afla og koma því á engan hátt í hlut sjómanna, nema hundruðum milljóna króna á ári, og sýnt er, að á meðan löggin eru í gildi í óbreyttri mynd, eru engar líkur á, að sjór verði sóttur án endurtekinna stöðvana vegna kjaradeilna. Vegna þessa máls gerðu fulltrúar sjómannafélaganna í landinu eftirfarandi samþykkt einróma á ráðstefnu, sem haldin var í Reykjavík dagana 11. og 12. okt. s. l. að tilhlutan Sjómannasambands Íslands:

„Ráðstefnan telur, að með hliðsjón af því, sem gert var af hálfu Alþingis á s. l. ári með lögnum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna gengislækkunar íslenskrar krónu, þegar raunverulega var gengið á hlut sjómanna og tekin af þeim 27—37% af samningsbundnum hlut, verði ekki hjá því komizt að segja upp gildandi kjarasamningum, og skorar ráðstefnan því á öll þau félög, sem aðilar eru að bátakjarasamningum við samtök útgerðarmanna, að segja þeim samningum upp, miðað við að þeir verði úr gildi um n. k. áramót.

Jafnframt skorar ráðstefnan á hið háa Alþingi að endurskoða nú þegar framangreind lög með auknar kjarabætur til sjómanna fyrir augum, þar sem fyrir atbeina laganna og góð aflabrögð á yfirstandandi ári hljóti afkoma útgerðarinnar að hafa batnað svo, að hægt væri að lagfæra löginn sjómönnum í hag.

Ráðstefnan telur, að viðbrögð og afstaða sjómannafélaganna til aðgerða um áramót muni mjög mikið mótast af því, hvernig Alþingi tekur áskorun þessari, en telur hins vegar nauðsynlegt, að kölluð verði saman ráðstefna að nýju í desember n. k. til þess þá að taka afstöðu miðað við ástand mála.

Þá telur ráðstefnan nauðsynlegt, að gerðir verði samningar við útvegsmenn um kaup og kjör þeirra er færaveiðar stunda, svo og með nýjum samningum að skera úr um ágreining, er orðið hefur um kaup og kjör þeirra manna, er stunda grálúðuveiðar.“

Sjómannafélögin hafa nú sagt upp kjarasamningum í samræmi við ofanritaða samþykkt, og ganga þeir úr gildi um n. k. áramót. Ljóst er, að ný átök milli sjómanna og útgerðarmanna eru á næsta leiti, en alger óvissa um, hvenær vetrarvertíð getur hafizt, og orsökina er ákvæði umræddra laga.

Skylda Alþingis til athafna í því skyni að forða ófarnaði er ótvíræð, því er þessi þingsályktunartillaga flutt. Með tillögunni er lagt til, að skipuð verði nefnd til þess að endurskoða margnefnd lög, sem styrinn stendur um, og gera tillögur um breytingar á þeim á þann veg, að ákvæði þeirra verði ekki þrándur í götu kjarasamninga sjómanna og útgerðarmanna um kaup og kjör á næstu vertíð.

Flm. telja, að full ástæða væri til þess að flytja frv. um breytingu á lögnum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu. Sú leið er þó valin að flytja ofangreinda þingsályktunartillögu, þar sem meiri líkur eru á, að Alþingi gæti sameinast um samþykkt hennar.